Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **Silicone Stift**

Vörunúmer: -

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Smurefni í úðabrúsa.

Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirliggjandi, sjá hér að ofan.

1.3 Söluaðili:

N1
Dalvegur 10-14
201 Kópavogur

Sími: 440 1000
Netfang: n1@n1.is
Veffang: www.n1.is

Framleiðandi:
CRC Industries Europe bvba
Touwslagerstraat 1
9240 Zele
Belgía
00-32-52/4-60-11
hse@crcind.com
www.crcind.com

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H222	Úðabrúsi með afar eldfimum efnum.	Eldf.úðaefni 1

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):



Hættumerki

Viðvörunarorð **HÆTTA**

Hættusetningar	H222	Úðabrúsi með afar eldfimum efnum.
Varnaðarsetningar	P102	Geymist þar sem börn ná ekki til.
	P210	Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. - Reykingar bannaðar
	P211	Má ekki úða á opinn eld eða annan hita- og neistagjafa.
	P251	Þrýstihylki: Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm.
	P410+P412	Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C.
	P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

2.3 Aðrar hættur: Engar þekktar.

Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Vetniskolefni, C3-C4 auðug, jarðolíueimi			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119485926-20	**Innihald %**	**50 - 75**
Raðnúmer	649-083-00-0	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	270-990-9	**H-setningar**	-
CAS	68512-91-4	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.loftteg. 1 - **H220,** Loftt.u.þrýst. - **H280**			

Sýklópentan			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**< 25**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	206-016-6	**H-setningar**	-
CAS	287-92-3	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf.vökvi.2 - **H225,** Langv.eit.á vatn 3 - **H412**			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Almennt Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið læknis/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita læknis.

Innöndun Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Tryggið ferskt loft. Leitið læknis verði vart við einkenni.

Snerting við húð Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Hreinsið húð með vatni. Leitið læknis verði vart við ertingu.

Snerting við augu Skolið varlega með miklu vatni í nokkrar mínútur, og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið augnlæknis/sjúkrahúss, hverfi einkenni ekki fljótlega. Sýnið öryggisblaðið.

Inntaka Skolið munn rækilega með vatni/mjólk. Framkallið ekki uppköst, efnið gæti borist í lungu. Leitið strax læknis, séu taldar líkur á því.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Innöndun Langvarandi innöndun leysiefna getur valdið höfuðverk, svima og vanlíðan.

Snerting við húð Getur valdið ertingu, roða og sviða.

Snerting við augu Veldur augnertingu, roða og sviða.

Inntaka Getur valdið ertingu í meltingarvegi, eymslum í koki, kviðverkjum, ógleði og uppköstum. Getur valdið lungnabólgu við ásvelgingu í lungu.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Leitið ávallt læknis við vanlíðan. Sýnið vöruumbúðir. Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Froða, slökkviduft, koldíoxíð.Veljið slökkviefni eftir aðstæðum hverju sinni.

Óhentugur slökkvibúnaður: Beitið ekki beinum vatnsgeisla vegna hættu á að eldur dreifist.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast: kolefnisoxíð, eitraðar gufur, eld- og sprengifimar blöndur með lofti. Úðabrúsar geta sprungið við upphitun (50°C).

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn og fargið skv.13.lið. Kælið úðabrúsa með vatnsúða.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Fjarlægið alla hita,- eld- og neistagjafa. Reykið ekki.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka, sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið hlutlaus ísogsefni við hreinsistörf. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

6.4 Tilvísun í aðra liði: Sjá lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Fjarlægið eld- og neistagjafa. Forðist hátt hitastig og úðið ekki á heita fleti. Sprengifimar blöndur með lofti geta myndast. Notið ekki í lokuðum rýmum. Losið ekki í niðurföll. Fylgið notkunarleiðbeiningum. Notið sprengivarinn búnað, gerið ráðstafanir gegn myndun stöðurafmagns.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum og eldvörðum stað. Gufa er þyngri en loft og getur legið með gólfi. Forðist hátt hitastig (>50°C), beint sólarljós, opinn eld og aðra íkveikjuvalda.

7.3 Sértæk, endanleg notkun: Smurefni.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Gætið að hugsanlegri myndun stöðurafmagns.

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.
Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166).

Húð - hendur Mælt er með notkun efnaheldra hanska, t.d. úr nítrílgúmmíi (EN 374). Notið verndarkrem. Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska. Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma.

Húð - annað Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar.

Öndunarfæri Sé loftræsting ófullnægjandi, notið viðurkenndan öndunarbúnað og síur af gerð AX.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi (úðabrúsi, drifgas própan/bútan)
Lykt:	Einkennandi
Litur:	Litlaus
Tendrunarmark:	>200°C
Eðlismassi við 20°C:	0,79 g/cm^3
Leysanleiki í vatni:	Óleysanlegt

9.2 Aðrar upplýsingar

Rokgjörn lífræn efni (VOC): 530 g/l

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð. Sjá liði 10.4 til 10.6.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Varist yfirhitun.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Myndar kolefnisoxíð við bruna og niðurbrot.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturhrif:	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum.
Alvarlegur augnskaði	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum.
Næming húð/öndunarfæri	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum.
Eiturhrif á æxlunarfæri	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum.
Stökkbreytingar	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum.

Krabbamein	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum.
Áhrif á marklíffæri (eitt skipti)	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum.
Áhrif á marklíffæri (endurtekin)	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum.
Ásvelgingarhætta	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum.

Innöndun	Langvarandi innöndun leysiefna getur valdið höfuðverk, svima og vanlíðan.
Snerting við húð	Getur valdið ertingu, roða og sviða.
Snerting við augu	Veldur augnertingu, roða og sviða.
Inntaka	Getur valdið ertingu í meltingarvegi, eymslum í koki, kviðverkjum, ógleði og uppköstum. Getur valdið lungnabólgu við ásvelgingu í lungu.

Sýklópentan					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	>5000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	>25,3	mg/l	rotta	

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif: Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

12.2 Þrávirkni og niðurbrot Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

12.3 Uppsöfnun í lífverum Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

12.4 Dreifanleiki í jarðvegi Varan er óleysanleg í vatni.

12.5 PBT/vPvB Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

12.6 Annað Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

Sýklópentan					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	29,3 mg/l		Fiskar	
Eiturhrif	EC_{50}	51,1 mg/l		Daphnia	
Eiturhrif	IC_{50}	21,6 mg/l		Þörungar	

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara	Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega.
Óhreinar umbúðir	Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Ekki skal gata eða skera í óhreinsaðar umbúðir. Skv. reglugerð nr. 1040/2016 um spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum: 15 01 04 (Málmumbúðir)

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:

UN Númer	1950
Efnisheiti v. flutninga:	AEROSOLS
Hættuflokkur:	2.1
Pökkunarflokkur:	-
Hættuundirflokkur:	5F
Jarðgangaflokkun:	D
Mengunarhætta:	Nei

Varúðarmerking



IMDG:

UN Númer	1950
Efnisheiti v. flutninga:	AEROSOLS
Hættuflokkur:	2.1
EmS:	F-D, S-U
Pökkunarflokkur:	-
Mengunarhætta:	Nei



IATA:

UN Númer	1950
Efnisheiti v. flutninga:	AEROSOLS, FLAMMABLE
Hættuflokkur:	2.1
Pökkunarflokkur:	-



15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat liggur ekki fyrir.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H220	Afar eldfim lofttegund
H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa
H280	Inniheldur lofttegund undir þrýstingi, getur sprungið við hitun
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa/Dags: 1/03.01.2023

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: ***CRC Industries Europe bvba***
SÄKERHETSDATABLAD
SILICONE STIFT Aerosol
Útgáfa: *29.06.2017 Útgáfa 3.0*